

Nd.

558. Breytingartillögur

[217. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

a. Við 1. gr.

1. Við 27. tölulið bætist nýr stafliður, c:

c. Tollskrárnúmer 39.07.81 orðist svo:

39.07.81 Skúffuskápar og hlutar til þeirra.

2. Aftan við 35. tölulið bætist nýr töluliður, 35A:

35A. Á 55. kafla:

Tolltaxti undirliða 10 og 30 í dálkum merktum A í nr. 55.09 breytist og verði:

0% 1978, 0% 1979 og 0% 1980. Tolltaxtar í dálkum merktum E falli brott.

3. Við 42. tölulið bætist nýr stafliður, d:

d. Tollskrárnúmer 68.13.01 orðist svo:

68.13.01 Vélabéttingar og efni í þær úr asbesti, asbestblöndum o. þ. h.

4. Við 46. tölulið. Undir staflið a við breytingu á nr. 73.27 bætist nýr skiptiliður, 05, og orðist svo:

05 — Færibönd.

Tolltaxti í dálkum merktum A verði 0% 1978, 0% 1979 og 0% 1980.

5. Við 55. tölulið bætist nýr stafliður, d og e:

d. Tollskrárnúmer 85.01.31 orðist svo:

85.01.31 1000 kW og minni.

e. Í stað orðanna „600 volt“ í tollskrárnúmerum 85.19.11 og 85.19.13 komi:

660 volt.

6. Við 58. tölulið bætist nýr stafliður, c:

c. Við nr. 87.02 bætist nýr skiptiliður, 17, er orðist svo:

17 — — Ökutæki með burðarþol 3 tonn og þar yfir til flutnings bæði á

mönnum og vörum ót. a.

Tolltaxti í dálkum merktum A verði 30% 1978, 30% 1979 og 30% 1980.

b. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á 3. gr. er gerð eftirfarandi breyting:

Í stað orðanna „allt að 5000 kr. tollverðmæti“ í 9. tl. komi:

allt að 10 000 kr. verðmæti.